

Minnisblað**Efni: Greining á fjölbreyttri notkun fjölnota íþróttahúss**

Það eru nokkrir þættir sem ráða því hvernig fjölnota íþróttahús nýstast.

1. stærðarhlutföll - hvaða keppnisvellir komast fyrir og áhorfendur
2. gólf - undirlagið (gerfigras, tartan, dúkur, parket)
3. loftræsting og hitastig
4. lýsing
5. aðgengi og nálægð (við stofnanir s.s. skóla)

Þarfir knattspyrnunnar snúa helst að yngri aldurshópum yfir háveturinn þegar æfingar falla helst niður vegna veðurs. Þó er öllum ljóst að gæði æfinga sem stundaðar eru innandyra eru margfalt meiri þegar hægt er að staðla aðstæður (hiti og vindur). Það má einnig búast við því að inniaðstaða hafi áhrif til aukningar iðkendafjölda, ekki bara þeirra yngstu heldur einnig unglinga og almennings.

Hentugasta stærðin er hús sem rúmar 44x64m völl út frá iðkendum yngri flokka í knattspyrnu (Birkir KSÍ). Þannig hús er 50 m breitt að grunnfleti en getur verið yfir 100m langt, allt eftir því hvaða pláss er til staðar á byggingastað. Keppnisvellir yngri flokka eru þá þversum í húsinu. Við æfingar er hægt að reita svæðin mjög mikið niður og koma miklum fjölda fyrir, einkum yngstu aldurshópa, með góðu skipulagi þjálfara. Slíks væri þó aðeins þörf þegar veður eru váland og ekki hægt að vera úti. Æfingar í knattspyrnu yrðu því alla jafna einnig utandyra. Stjarnan, UMFÁ, KFG og Skínandi eru starfandi í Garðabæ.

Á skólatíma væru hópar grunnskólanemenda í skólaíþróttum að nýta húsið. Nú þegar er farið að þrengja að í sölunum í Ásgarði vegna fjölgunar hópa í Flataskóla og Garðaskóla, en auk þeirra væru nemendur Barnaskólans, Vífilsskóla, Sjólandsskóla og leikskólanna að nýta sér aðstöðuna. FG gæti einnig nýtt sér hluta af húsinu fyrir sína hópa.

Aðstaða til kennslu frjálsíþrótta er af skörum skammti í Garðabæ en í húsinu gætu auðveldlega komist fyrir 60m hlaupabraut með einni langhlið og langstökksgryfja ásamt aðstöðu til kastæfinga í net. Það myndi nýstast skólunum vel auk knattleikjakennslu.

Slík hús eru vinsæl meðal eldri borgara til að stunda göngu og aðra líkamsþjálfun. Ásókn þeirra hópa hefur aukist mikið undanfarin ár og má búast við að hún haldi áfram að aukast með auknum lífaldri og auknum kröfum um heilsurækt og afþreyingu í frítímanum.

Golfarar geta nýtt húsið og fluguveiðimenn til kastæfinga.

Hlaupahópur Stjörnunnar er vaxandi hópur sem vill örugglega gera sínar hlaupstíls og teygjuæfingar innandyra.

Nýting húsanna hefur á öllum stöðunum verið mikil og almenn ánægja með þau. Ánægðastir eru þjálfarar á Höfn og í Grindavík enda eru húsin þar upphituð. Eldri borgarar, golfarar, skólahópar og fyrirtækjahópar sækjast eftir að nýta húsin auk knattspyrnuíðkenda.

Allir benda á mikilvægi salernisaðstöðu og vatnsdrykkjarfonta. Minna þarf að leggja í búningsklefa og sturtur, aðeins þarf snaga og bekkir til að hengja af sér yfirhafnir og setjast niður við að skipta um skó.